

# **Aðstæður fatlaðs fólks: Aðbúnaður, þjónusta, viðhorf, líðan, sjálfræði**

Stöðuúttekt - lærdómur til framtíðar.

Ráðstefna haldin 26. október 2011

Soffía Lárusdóttir



# Akureyrarbær

- Málefni fatlaðs fólks hafa verið verkefni bæjarfélagsins frá 1996, skv. samningum við ríkið.
  - Reynslusveitarfélagssamningar til og með 2001.
  - Þjónustusamningar frá 2002 – 2010.
- Stöðumat var ekki gert áður en verkefnið færðist til sveitarfélagsins
  - Því hefur ekki verið unnt að bera saman gæði og faglegan ávinningi þeirra breytinga.



# Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga 1. jan. 2011

- Kortlagning á stöðu þjónustunnar við flutning er nauðsynlegur áfangi.
  - Gefur greinargóðar upplýsingar um stöðu fatlaðs fólks á öllu Íslandi á tímamótum.
  - Hátt svarhlutfall er meðal þjónustunotenda 2010 og starfsfólks:
    - 56% fullorðinna
    - 76 % barna
    - 74% starfsfólks
  - Verður grundvöllur að faglegu mati á árangri og ávinningi af tilfærslunni árið 2014.
  - Mikilvægur upplýsingagrunnur sem vísar veginn áfram, bæði við stefnumótun og til að breyta því sem betur má fara.



# Lærdómur til framtíðar

I. Hvað segir úttektin okkur um aðstæður fatlaðs fólks, aðbúnað, þjónustu, viðhorf, líðan og sjálfræði þess?

- Erum við á réttri leið?
- Er breytinga þörf?
- Hverjar eru áskoranirnar?

II. Hver er staða starfsfólks á þessum tímamótum?



# Erum við á réttri leið?

- Í könnuninni kemur fram óánægja meðal þeirra sem búa á herbergjasambýlum:
  - Með skipulag húsnæðisins og stærð þess rýmis sem þeir hafa útaf fyrir sig.
  - Þeir búa við minna sjálfræði og upplifað að fá ekki að ráða sér sjálfir.
  - Fjórðungi þeirra fannst of margir búa með sér.
  - Fram komu samskiptaerfiðleikar svarenda við sambýlisfólk sitt með tilheyrandi lífsgæðaskerðingu.



# Ný reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu

- Þjónustan á að vera:
  - einstaklingsbundin, heildstæð og sveigjanleg.
  - veitt með það að markmiði að efla vald fólks yfir aðstæðum sínum og lífi, styrkja sjálfsmynd þess, sjálfstraust, félagslega stöðu, sjálfsvirðingu og lífsgæði.
- Jafnframt er gert ráð fyrir að allt húsnæði sem tekið er í notkun eftir gildistöku reglugerðarinnar sé með
  - stærra einkarými og að íbúðirnar fullnægi ávallt lágmarkskröfum byggingarreglugerðar.



# Hverjar eru áskoranirnar?

- Skoða þarf og bæta aðstæður þeirra sem búa í foreldrahúsum, eigin húsnæði og leiguíbúðum.
  - 32% - 43% þeirra telja sig þarfnast meiri þjálfunar, hvað varðar sjúkra- og iðjuþjálfun.
- Auka þarf hlutfall þeirra sem hafa starf eða virkni yfir daginn.
  - 25% ekki í námi, vinnu eða með annars konar reglubundin verkefni eða viðfangsefni, þar af eru fleiri meðal þeirra sem búa í eigin húsnæði og í eldri aldurshópnum.



# Hverjar eru áskoranirnar?

- Bæta þarf aðstæður fólks með geðræna erfiðleika:
  - Líklegra til að upplifa fjárhagsvanda sem koma í veg fyrir þátttöku í samfélaginu. 31% áttu ekki fyrir mat einhvern tíman á síðasta ári.
  - Lífir fábreyttara félagslífi, fjárhagserfiðleikar koma þar m.a. oft í veg fyrir þátttöku.
  - Er sjaldan í samskiptum við vini sína og er líklegra til að vera einmana.
  - Verður frekar fyrir ofbeldi, 24% svarenda með geðræna erfiðleika hafði einhvern tíman orðið fyrir ofbeldi.



# Hverjar eru áskoranirnar?

- Talsverður áhugi er hjá fólki að fá notendastýrða persónulega þjónustu (NPA) en
  - 59% fullorðinna segist hafa áhuga á slíkri þjónustu og fer hlutfallið í rúmlega 70% meðal þeirra sem eru hreyfihamlaðir.
  - 79% foreldra fatlaðra barna segjast hafa áhuga á þess háttar aðstoð.
- NPA er eitt af stóru verkefnum nánustu framtíðar.



# Hverjar eru áskoranirnar?

- Bæta þarf þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra sem þurfa á sérstakri aðstoð eða aðlögun inni á heimilum sínum að halda en
  - 40% foreldra telja sig þurfa á meiri aðstoð að halda en þau fá núna við skipulag daglegs lífs. Snýr þetta bæði að aðlögun heimilisins að þörfum barnsins, stuðningi við umönnun barnsins heima við svo og fjárhagsstuðningi.
- Skoða þarf sérstaklega stöðu barna með geðræna erfiðleika en
  - tæp 60% þeirra vantar aðstoð við skipulag daglegs lífs.



# Hverjar eru áskoranirnar?

- Bæta þarf félagslegar aðstæður og samskipti fatlaðra barna og þátttöku þeirra í félagslífi og tómstundum en
  - 47% foreldra 7-10 ára barna telja þau oft eða stundum verða fyrir áreitni, stríðni eða einelti samanborið við 21% yngri barna.
  - 70% foreldra 14-18 ára barna telja þau oft eða stundum vera einmana.
  - Þetta hlutfall er hærra þegar börn sem glíma við geðræna erfiðleika eiga í hlut.



# Hver er staða starfsfólks á þessum tímamótum?

- Munur er á bakgrunni og samsetningu starfsfólks hjá svæðisskrifstofum annars vegar og þjónustusveitarfélögum hins vegar:
  - Meðalaldur er hærri hjá sveitarfélögunum (45,5 ár á móti 39,2 árum hjá Svæðisskr.)
  - Starfsfólk svæðisskrifstofanna er með nokkuð meiri menntun en starfsfólk sveitarfélaganna, bæði hvað varðar formlega menntun og námskeið sem tengjast málefnum fatlaðs fólks.
  - Starfsfólk sveitarfélaganna er með mun lengri starfsaldur (11,7 ár samanborið við 7,6 ár hjá starfsfólki Svæðisskr.)



# Hver er staða starfsfólks á þessum tímamótum?

- Starfsfólk þjónustusveitarfélaga var líklegra en starfsfólk svæðisskrifstofu til að
  - segja stjórnendur bera umhyggju fyrir heilsu og líðan starfsmanna og að það fái faglegan stuðning og aðstoð frá yfirmanni ef það þarf á að halda.
  - telja sig hafa meira um það að segja hvernig verkefni væru leyst af hendi.
- Starfsfólk þjónustusveitarfélaganna er mun líklegra til að telja breytingarnar á þjónustunni verða málaflokknum til hagsbóta (60% samanborið við 43% hjá svæðisskrifstofum).



# Kortlagning á stöðu þjónustunnar fyrir flutning:

- Er dæmi um jákvæð áhrif þessa stóra verkefnis sem tilfærsla málaflokks fatlaðs fólks til sveitarfélaga er.
- Gefur sveitarfélögum tækifæri til að rýna þjónustuna til gagns. Gríðarlegt magn af gagnlegum upplýsingum.
- Mikilvægt er að þessar upplýsingar verði nýttar til að bæta og þróa þjónustuna.
- Það er til lítils ef úttektin hafnar í hillum vítt og breitt um landið og safnar þar ryki til ársins 2014!



# Kortlagningin vísar veginn áfram

- Verkefni framtíðarinnar er að móta þjónustuna enn frekar með valdeflingu, sjálfsákvörðunarrétt og lífsgæði fatlaðs fólks að leiðarljósi.
- Notendamiðuð og notendastýrð aðstoð á að vera þar í forgrunni.
- Þannig tryggjum við að ekki verði fallið aftur í þá gryfju að láta þarfir stofnana, þarfir hópsins, ráða ferðinni á kostnað þarfa og langana einstaklinga.

